



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Ólafur Sólimann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vínkæli og ókeypis gosdrykki

Á fundi stafræns ráðs þann 28. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa flokksins, sbr. 10. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort það sé rétt sem fullyrt hefur verið af heimildarmönnum að vínkælir sé til staðar á upplýsingatækniskrifstofu þjónustu og nýsköpunarsviðs á 5. hæð í Borgartúni í rými sem lengi vel gekk undir nafninu Vínstofan en hefur nýlega verið breytt í Bríetarstofa, hvort sem er í innréttingum eða á öðrum stöðum í húsakynnum sviðsins. Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins fá úr því skorið með formlegum hætti hvort starfsfólki sviðsins hafi staðið til boða frítt gos úr kæli. Ef svo er, þá óskar fulltrúinn eftir því að fá að vita yfir hvað langt tímabil þau hlunnindi hafa verið til staðar. Í svari borgarfulltrúa meirihlutans varðandi ofangreint á borgarstjórnarfundum 9. apríl, kom fram að þetta hafi verið kannað hjá sviðinu og ekkert sé hæft í því að vínkælir sé eða hafi verið í húsakynnum sviðsins né það að starfsfólki hafi staðið til boða frítt gos. Ef fulltrúar meirihlutans halda því enn fram að ekkert sé hæft í þessu óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá nánari skýringu á því hvað sviðið var að kaupa af Ölgerðinni fyrir 1,3 milljónir yfir 9 mánaða tímabil árið 2023.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 18. apríl 2024.

Svar:

Það er enginn sérstakur vínkælir á 5. hæð eða öðrum húsakynnum þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Til staðar eru nokkrir kælar á sviðinu bæði á kaffistofum og vinnurýmum. Þar á meðal er kæli í fundarherbergi á 5. Hæð þar sem starfsfólk getur geymt drykki. Einnig eru þar drykkir sem skrifstofan hefur keypt í tengslum við ýmis verkefni, vinnustofur, fagnaði, starfslok eða viðlíka tilefni. Sem dæmi má nefna að óáfengt freyðivín hefur verið notað til að skála fyrir góðum árangri í verkefnum og gos keypt með pizzum þegar unnið hefur verið lengi fram eftir vegna kerfisuppfærslna. Slíkt fyrirkomulag, að hafa drykkjarkæla á kaffistofum og í fundarherbergjum, er algengt á mörgum skrifstofum á vinnustöðum um allt land og þó víðar væri leitað.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið átti viðskipti við Ölgerðina á 9 mánaða tímabili á árinu 2023. Auk veitinga sem keyptar voru fyrir ákveðin tilefni, hafði starfsfólk aðgang að óáfengum drykkjum öðrum en kaffi og te án kostnaðar. Slíkt fyrirkomulag er reyndar



algengt á vinnustöðum enda er að jafnaði til staðar nokkur hópur starfsfólki sem neytir ekki kaffidrykkja og þykir því stundum fram hjá sér gengið þegar kemur að starfsaðstöðu.

Þeir stjórnendur skrifstofu upplýsingatækniþjónustu sem tóku þá ákvörðun að hafa óáfenga svaladrykki í boði fyrir starfsfólk starfa ekki lengur hjá Reykjavíkurborg og því er því ekki hægt að fullyrða á hvaða grunni sú ákvörðun var tekin. Núverandi stjórnendur telja líklegt að þetta fyrirkomulag hafi verið liður í breytingu á rekstri kaffistofu starfsfólksins og drykkir frá Ölgerðinni átt að koma í staðin fyrir kaffi- og tedrykki, þar sem starfsfólk skrifstofu upplýsingatækniþjónustu nýtti þá valkosti lítið.

Núverandi stjórnendur á skrifstofu upplýsingatækniþjónustu tóku við 1. júní 2023 og var þá reglulegum innkaupum frá Ölgerðinni hætt, til að samræma rekstur skrifstofunnar við aðrar skrifstofur á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Það væri engu að síður gagnlegt að skoða möguleika á fjölbreyttari nálgun í rekstri kaffistofa, þar sem á sumum vinnustöðum drekkur meirihluti starfsfólks hvorki kaffi né te. Í ljósi þess væri æskilegt að yfirfara hvernig best er að mæta breyttum þörfum varðandi drykkjaval á slíkum vinnustöðum.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Sólímánn Helgason,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu